

## Starfsmenn FA og raunfærnimat

Hildur Betty Kristjánsdóttir hefur látið af störfum hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Í raunfærnimatsteyminu eru áfram Haukur Harðarson, Fjóla María Lárusdóttir og Arnar Þorsteinsson, en Lilja Rós Óskarsdóttir hefur tekið við verkefnastjórn af Hildi Betty.

## Þjálfun vegna raunfærnimats

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins mun bjóða upp á námskeið um aðferðafræði raunfærnimats 15. og 16. október n.k. Námskeiðið er ætlað fagaðilum, náms- og starfsráðgjöfum og verkefnastjórum sem koma að raunfærnimatsverkefnum. Ekkert námskeiðsgjald, en FA greiðir hvorki fyrir ferðir né upphald þátttakenda. Skráning og nánari upplýsingar eru hjá Steinunni Júlíusdóttur, [steinunn@frae.is](mailto:steinunn@frae.is)

## Matslistar - Almenn starfshæfni

Hjá FA hefur verið unnið að því að uppfæra gátlista, færnimöppu og verkefni fyrir almenna starfshæfni. Unnið var að endurskoðun almennu starfshæfninnar á síðasta ári, sjá [hér](#) og hafa listarnir fyrir raunfærnimatið verið settir fram í samræmi við þá útgáfu.

## Matslistar – Verslunarfulltrúi

Matslistar á móti námskrá verslunarfulltrúa hafa verið uppfærðir og hægt að nálgast þá hjá FA. Hver 10 klst, námsþáttur svarar til 0,5 eininga. Einingarnar skal skrá í Innu þar sem hægt er að skrá 0,5 einingu.

## Raunfærnimat á móti viðmiðum atvinnulífsins - þróunarverkefni

Unnið er að undirbúningi raunfærnimats í fjórum störfum þessa dagana í samstarfi við hagsmunaaðila. Um er að ræða starf í verslun, starf fulltrúa í opinbera geiranum, móttöku á gistihúsum og þjónustu í sal. Þau viðmið sem notuð verða í matinu byggja á hæfnigreiningum og mun matsferlið fara fram á vinnustað. Framkvæmdin hefst í haust og verður unnin í nánú samstarfi við símenntunarmiðstöðvar og fyrirtæki.

## Raunfærnimatsráðstefna í Berlín – 3rd VPL Biennale

Yfirskrift ráðstefnunnar var Making policy work og voru þátttakendur 300. Þar af voru yfir 20 frá Íslandi, bæði frá fræðsluaðilum og atvinnulífi. Meginverkefni ráðstefnunnar var að setja saman yfirlýsingu (Berlin Declaration) um áherslur í þróun raunfærnimats í Evrópu á næstu árum. Yfirlýsingin er í sex köflum; aðferðafræði, fjármögnun, löggjöf, stuðningur stjórnvalda, gildi niðurstaðna og hlutverk hagsmunaaðila. Hægt er að nálgast yfirlýsinguna [hér](#). Næsta ráðstefna (VPL Biennale) verður í Cape Town, Suður- Afríku , 12-14 maí 2021.

## Tölur úr ársskýrslu FA 2018

Á árinu fóru 577 einstaklingar í gegnum raunfærnimat á vegum framhaldsfræðslunnar. Þetta er aukning frá síðasta ári, en þá luku 439 einstaklingar raunfærnimati. Með því hafa 4.968 lokið raunfærnimati frá árinu 2004. Nánar [hér](#).